

*Hann er hinn dýrlegasti.*

Ó þú gróskumikla, ferska og geislandi lauf! Ef við grátum og andvörpum í hundrað þúsund ár yfir þessari mestu þrengingu,<sup>63</sup> stynjum og kveinum, rífum klæði okkar í sorg, úthellum tárur, ausum ryki yfir höfuð okkar og tærumst upp af sorg, myndi þessi sársauki aldrei linast, þetta sár aldrei gróa, þessi eldur aldrei slokkna. Þess vegna ber okkur sérhvert andartak að vera reiðubúin að hverfa til næsta heims og hefjast handa um það sem stuðlar að eilífa lífinu og veldur því að við stígum upp til Guðsríkis og náum til hirðar návistar Hans. Dýrð Guðs hvíli yfir þér.

Skýringar

63. Uppstigning Bahá'u'lláh. ↵